

## Tillögur til sátta um lausn á skuldavanda heimilanna Niðurstöður úr þverpólítísku lausnamiðuðu samstarfi

Hagsmunasamtök heimilanna stóðu fyrir þverpólítískum vinnufundi um leiðir til frekari aðgerða fyrir heimilin í landinu þann 20. febrúar síðast liðinn. Þingmenn og grásrótarfólk allra flokka tók þátt í fundinum og eftirvinnslu.

Markmið vinnunnar var að leita frekari leiða til að slá á þann bráða fjárhagsvanda sem steðjar að heimilum landsins. Ekki var eingöngu fjallað um beinan skuldavanda, heldur líka hvernig nauðsynlegar almennar aðgerðir til handa öllum neytendum sem hafa orðið fyrir forsendubresti og horfa upp á stökkbreyttan höfuðstól verð- og gengistryggðra lána sinna geti komið til. Skoðanir voru skiptar um útfærslur en almenn sátt og skilningur var um mikilvægi frekari aðgerða. Í ljósi stærðar vandans og áhrifa á hagkerfið í heild er vandséð að stjórnvöld geti horft framhjá almennum aðgerðum til að ná sáttum í samfélagini til endurreisnar hagkerfisins og samfélagsins í heild.

Stjórnvöld og þingflokkar eru því hvött til að skoða alvarlega og nýta þær tillögur sem hér eru kynntar á komandi þingi. Hluti umræddra atriða samstarfsins hafa þegar komið fram í nýlega kynntum aðgerðum ríkisstjórnar.

### Áhersluatriði til umfjöllunar voru:

- Varnarlína; til að koma í veg fyrir frekara fjárhagstjón heimilanna
- Jöfnun ábyrgðar, bætt réttargæsla neytenda og endurskoðun þotameðferðar
- Hækkun höfuðstóls lána heimilanna - hvað er gerlegt?

### Helstu atriði vinnuhópsins, sem beint er til frekari greiningar, umræðu, og útfærslu þings og ráðuneyta:

1. Eyða lagalegri óvissu um lögmæti gengistryggðra lána sem allra fyrst og finna leiðir til almennra úrlausna sambærilegra lána, til dæmis með gerðardómi.
2. Frestun á nauðungarsölu verði heimiluð þar til lagaóvissu lána hefur verið eytt og réttarstaða neytenda / lántaka hefur verið bætt.
3. Veð takmarkist við veðandlag í lánum neytenda.
4. Hópmálsókn. Úrræðið er hluti almennra réttinda neytenda vestrænna lýðræðisríkja. Lögleiða tafarlaust og taki gildi sem allra fyrst, í síðasta lagi áður en frestur vegna nauðungarsölu rennur út.
5. Höfuðstólsleiðrétti. Nauðsynlegt er að leiðréttta þann forsendubrest sem orðið hefur hjá lántökum frá 1. janúar 2008 vegna hruns krónunnar, verðbólgu og falls bankanna. Meta skal það svigrúm, sem myndaðist við lækkun höfuðstóls lána þegar þau voru flutt frá gömlu bönkunum til þeirra nýju. Meta skal áhrif sambærilegrar leiðréttингar á íbúðalánasjóð og lífeyrissjóðina. Jafnframt skulu metin afleidd áhrif slíkrar leiðréttингar á neyslu heimilanna, veltu fyrirtækja, atvinnuleysi, endurheimtur útlána fjármálfyrirtækja og skatttekjur. Þessari vinnu skal lokið fyrir 1. maí 2010.
6. Skýrt og fullt skattfrelsi höfuðstólsleiðréttингa.
7. Afnám lántöku- stimpil og uppgreiðslugjalfa.
8. Verðtrygging. Koma þarf á jafnvægi í hagkerfinu um fjárhagslega ábyrgð milli aðila, auka svigrúm og áhrif til beinnar efnahagsstjórnar og stuðla að alþjóðlega samkeppnishæfum lánskjörum. Verðtryggingin sjálf viðheldur verðbólgu, sem leiðir til mun hærri vaxta og fjármagnskostnaðar fyrir heimili, atvinnulíf og opinbera aðila, en samkeppnislönd búa við, með neikvæðum áhrifum á þróun gengis krónunnar. Verðtrygging veðskuldbindinga er ein af höfuðorsökum kerfishrúnins og afnám hennar er jafnframt eitt að lykilatriðum endurreisnar. Tryggja verður ábyrgð lánveitenda með vaxtaþaki á óverðtryggðum lánum til neytenda.
9. Þörf er á tafarlausri víðtækri endurskoðun og lagaúrbótum til að bæta réttarstöðu neytenda til jafns við það sem tíðkast á norðurlöndum og í ríkjum ESB. Auka þarf eftirlit og refsiábyrgð fyrirtækja við brotum á rétti neytenda. Gera þarf skýran mun á rétti neytenda og lögaðila í viðskiptum við fjármálfyrirtæki. Skýra þarf tilefni til forsendubrests veðsamninga hjá báðum aðilum. Tryggja þarf virkt eftirlit með virðisskráningu krafna í vanskilum og þrotaferli til Fjármálaeftirlits.

Samantekt fyrir hönd vinnuhópa allra þingflokkja og Hagsmunasamtaka heimilanna

Andrea J. Ólafsdóttir, Friðrik Ó. Friðriksson og Marinó G. Njálsson - Reykjavík 31. mars 2010